



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 19. apríl 2017 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 13.00 að á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Kristín B. Leifsdóttir, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi sat fundinn undir 1. lið dagskrár.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur 2016 (fyrri umræða)

Fyrir fundinum lá ársreikningur 2015 til fyrri umræðu. Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi kynnti endurskoðun á ársreikningi bæði A-hluta og samstæðu sveitarfélagsins og fór yfir helstu niðurstöður og lykiltölur. Hann kynnti einnig samanburð við fjárhagsáætlun ársins.

Hann lagði jafnframt fram og kynnti endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2016.

Ársreikningi var vísað til annarrar umræðu.

2. Framkvæmdir 2017

Sveitarstjóri gerði grein fyrir undirbúningi framkvæmda við breytingu á grunnskólanum og viðgerðum og endurbótum á sundlauginni.

3. Rekstur málefna fatlaðra 2016

Fyrir fundinum lá yfirlit um rekstrarkostnað við málefni fatlaðra á árinu 2016. Í yfirlitinu sem er til bráðabirgða kemur fram að um 16,5 milljóna króna halli verði á rekstri málaflokksins sem í heild kostar tæplega 500 milljónir.

Málið var til kynningar

4. Bréf

- a. Sigurlaugar Ingimundardóttur, dags. 22. mars 2017 (kosning 1.ftr. í nefnd)

Með bréfinu óskar Sigurlaug lausnar frá nefndarstörfum í Tómstunda- og menningarmálanefnd á Skagaströnd.

Sveitarstjórn samþykkti að fresta skipun í nefndina til næsta fundar.

- b. Vodafone, dags. 5. apríl 2017

Með bréfinu sem er undirritað af Stefáni Sigurðssyni forstjóra Vodafone er vakin athygli á að félagið hafi verið drifkraftur og stuðningur við þau sveitarfélög sem hafa verið að ljósleiðaravæðast og lýst áhuga á að taka þátt í uppbyggingu fjarskiptainnviða. Jafnframt er lýst áhuga á að ræða við fulltrúa sveitarfélagsins.

Bréfið var til kynningar



c. Air 66N, dags. 29. mars 2017

Með bréfinu er gerð grein fyrir stöðu og þróun Flugklasans Air 66N á Norðurlandi og óskað eftir framlagi sem nemi 300 kr./íbúa í tvö ár, til að fjármagna starf verkefnastjóra. Samþykkt að fresta erindinu til næsta fundar.

5. Fundargerðir:

a. Hafnar og skipulagsnefndar, 18.04.2017

Í dagskrárlíð 1. Melstaðatún – deiliskipulag í fundargerðinni kemur fram að deiliskipulagið var auglýst frá 7. febrúar 2017 með athugasemdarfresti til 31. mars 2017. Ein athugasemd barst á auglýsingatíma. Nefndin hefur fjallað um athugasemdina en fellst ekki á stækkun lóðar umfram það sem kemur fram í deiliskipulaginu enda hafi þegar verið orðið við óskum bréfitara. Nefndin samþykkti fyrirbyggjandi deiliskipulag fyrir sitt leyti og vísaði deiliskipulagstillögunni til sveitarstjórnar og leggur til að sveitarstjórn afgreiði hana til endanlegrar samþykktar skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn ræddi þá athugasemd sem borist hafði og var sammála niðurstöðu nefndarinnar og staðfesti deiliskipulagið. Sveitarstjóra var falið að senda Skipulagsstofnun deiliskipulagið.

Fundargerð hafnar og skipulagsnefndar var að öðru leyti til kynningar.

b. Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 30.03.2017

Fundargerðin var til kynningar

c. Stjórnar Sambands ísl sveitarfélaga, 24.03.2017

Fundargerðin var til kynningar

d. Stjórnar Sambands ísl sveitarfélaga, 31.03.2017

Fundargerðin var til kynningar

6. Önnur mál

Ýmis mál voru til umræðu en ekki gerðar bókanir undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 15.30

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Kristín B. Leifsdóttir

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson